




Verkefni 6

Í þessari æfingu lærir þú að:


- Forma fyrirsagnir þannig að þær komi í tveimur línum
- Nota fallálfinn
- Breyta aukatölum
- Breyta legu síðu


1. Sæktu skjalið **06Hæð** og þyngd og vistaðu það á þínu svæði.
2. Gefðu síðunni heitið Hæð og þyngd. 
3. Skrifaðu inn fyrirsagnirnar sem sýndar er á myndinni.

	A	B	C	
1		Nöfn	Hæð í cm	Þyngd í kg
2	Bryndís	144	46	
3	Elsa	148	43	


4. Feitletraðu  og hægrijafnaðu  fyrirsagnirnar í **B1**, **C1** og textana í reitum **A11** til **A13**.

10	Páll
11	Hæstur
12	Minnstur
13	Meðalhæð
14	




5. Hafðu breiddina á dálki **A** 2,20 cm en **B** og **C** dálkunum 1,60 cm. Tvísmelltu síðan á bilið  milli **A** og **B** dálkana til þess að þeir lagi sig að textanum betur.
6. Láttu fyrirsagnirnar í **B1** og **C1** birtast í tveimur línum. Til þess að gera þetta þarftu að hægri smella á fyrirsögnina og fara í **Format cells > Alignment** og haka þar við **Wrap Text Automatically**.





7. Næstu skaltu setja breiða grunnlínu fyrir ofan reiti **A11**, **B11** og **C11**. Til þess að gera þetta skaltu setja **A11**, **B11** og **C11** í blokk, hægri smella og velja **Format Cells > Borders**. Þar skaltu síðan velja 4,00 punkta línu og smella á línuna fyrir ofan kassann eins og sýnt er á myndinni. Síðan skaltu smella á **Ok**.



9	Helgi	149	47
10	Katrín	135	33
11	Hæstur		
12	Minnstur		
13	Meðalhæð		

8. Núna skaltu finna hæð á þeim nemanda sem er hæstur í bekknum. Til þess áttu að nota Fallálfinn. Vertu í reit **B11** og smelltu á  og finndu formúluna **MAX** og skrifaðu inn reitina sem að þú ert að vinna með: **B2:B10** og smelltu síðan á **OK**. Þá er nóg fyrir þig að afrita formúluna yfir í reit **C11** til að finna þyngsta nemandann líka.
9. Síðan skaltu finna út hæð og þyngd minnsta nemandans með sama hætti nema hvað núna þarftu að finna formúlu sem heitir **MIN** og afrita síðan þá formúlu yfir í reit **C12**.
10. Í reit **B13** skaltu finna út hver er meðalhæð og meðalþyngd á nemendum með sama hætti og þá þarftu að finna formúlu sem heitir **AVERAGE** og setja síðan inn sömu tölur og áður og afrita þær yfir í reit **C13**.
11. Þegar meðaltal heilla talna er fundið koma oft fram aukastafir/tugabrot eins og sést á okkar tölum. Til að taka aukastafina skulum setja þessa reiti **B13** og **C13** í blokk og smella á aukastafhnappinn  tvisvar og þá eiga tugabrotin að hverfa. Ef við viljum hinsvegar hafa tugabrot á þá getum við smellt hnappinn við hliðina .

12. Næst ætlum við að raða nöfnunum í stafrófsröð. Til þess þurfum við að setja reiti **A2** til **C10** í blokk og smella á  hnappinn. Þá raðar hún öllum nöfnunum í stafrófsröð með tilheyrandi upplýsingum með.  Hnappurinn raðar síðan öfugt frá Ö til A. **ATH:** Þegar þið veljið texta fyrir röðun þarf að passa þrennt:

Að allt sé valið sem á að raða

Að ekki sé valið eitthvað sem ekki á að raða.


Að svarti feringurinn sé í þeim dálki sem raða á eftir.

Þegar þú velur það sem á að raða í þessu verkefni verður þú að byrja valið í **A2** og draga niður í **C10**. Þá verður svarti feringurinn eftir í A-dálki og Calc raðar þá A-dálk í stafrófsröð.

	Nöfn	Hæð í cm	Þyngd í kg
1			
2	Bryndís	144	46
3	Elsa	148	43
4	Harpa	147	46
5	Jón	145	46
6	Margrét	142	36
7	Páll	150	50
8	Ásta	140	35
9	Helgi	149	47
10	Katrín	135	33
11	Hæstur	150	50
12	Minnstur	135	33
13	Meðalhæð	144	42
14			

Ef þú myndir draga músina frá **C10** til **A2** þá myndi svarti feringurinn verða eftir í C dálki og þá myndi Calc raða eftir upplýsingunum í C-dálki.

13. Næst skulum breyta legu verkefnisins í heild og setja haus og fót á verkefnið. Til að gera það skaltu fara í **Format > Page... > Page** og haka við Landscape til að hafa legu síðunnar lárétta.



14. Settu haus og fót á verkefnið og miðjaðu það á síðunni.
Sjá Verkefni 1 (01kostnadur)

15. Farðu næst í prentskoðun  til að sjá hvernig verkefnið lítur út.

16. Vistaðu og skilaðu.

Nöfn	Hæð í cm	Þyngd í kg
Ásta	140	35
Bryndís	144	46
Elsa	148	43
Harpa	147	46
Helgi	149	47
Jón	145	46
Katrín	135	33
Margrét	142	36
Páll	150	50
Hæstur	150	50
Minnstur	135	33
Meðalhæð	144	42